um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er að mestu framlenging þeirra ákvæða laga um almannatryggingar, er falla úr gildi við lok þessa árs.

Milliþinganefnd vinnur nú að endurskoðun þessara laga, og vænta menn, að álit hennar geti legið fyrir, er næsta þing kemur saman.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur því orðið ásátt um að taka eigi upp tillögur um verulegar efnisbreytingar og telur þá einnig rétt að fella burt 9. gr. frv.

Þó telur nefndin óhjákvæmilegt að lögfesta með bráðabirgðaákvæði heimild um hækkun elli- og örorkulífeyris til samræmis við lagfæringar þær, er gerðar kunna að verða á launakjörum opinberra starfsmanna.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 9. gr. Greinin falli niður.
2. Á eftir 43. gr. komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði.

Nú ákveður Alþingi, að ganga að einhverju leyti til móts við óskir opinberra starfsmanna um, að laun þeirra verði hækkuð til samræmingar við þær launahækkanir, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið á undanförnum árum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að greiða skuli uppbætur á ellilaun og örorkulífeyri, samkvæmt 5. gr. 1. tl. a. og b., fyrir árið 1955 til samræmis við þær launabætur, sem embættismenn þannig kunna að fá.

Jafnframt skulu þá hækka framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða og iðgjöld atvinnurekenda og hinna tryggðu samkvæmt 28. gr. hlutfallslega jafnt, þannig, að hækkunin jafngildi útgjaldaaukningunni.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Alþingi, 14. des. 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Ingólfur Flygenring, fundaskr.
Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson.
Haraldur Guðmundsson, með fyrirvara.